

Nr. 1—6 fylgja með í eftirriti.

Fyrir gerðarpóla er mættur í réttinum að tilhlutan fúgetans Guðmundur H. Þórðarson, og skoraði fúgeti á mætta að greiða umkrafín gjöld, en hann kveðst ekki greiða þau fyrir gerðarpóla. Skoraði fúgeti þá á mætta að benda á eignir gerðarpóla til uppskriftar og lögtaks og brýndi fyrir mætta að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fúgetaréttinum.

Var þá bent á, skrifað upp og virt:

Bifreiðin R 452.

Fúgeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í nefndri bifreið til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Brýndi fúgeti fyrir mætta að tilkynna gerðarpóla lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekná á nokkurn hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Þriðjudaginn 29. marz 1955.

Nr. 24/1955. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og**

Tryggingastofnunar ríkisins

(Hermann Jónsson)

gegn

Haraldi Teitssyni (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Lögtaksgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 28. janúar 1955 skotið til Hæstaréttar lögtaksgerð, er framkvæmd var eftir kröfu hans hjá stefnda hinn 26. nóvember 1954, og krafizt þess, að lögtaksgerðin verði staðfest. Hann krefst þess einnig, að lögtakinu og uppboðsbeiðni og málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir dóm í máli

Þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið skriflega flutt sámkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu lögtaksgerð, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Áfrýjanda verður ekki dæmdur kostnaður af lögtaki og uppboðsbeiðni, þar sem mat á þeim kostnaði ber undir fógeta og uppboðshaldara sámkvæmt 185. gr. laga nr. 85/1936, en þeir hafa ekki lagt úrskurð á kostnað þenna.

Stefndi hafði áfrýjað lögtaksgerðinni af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hina áfrýjuðu lögtaksgerð undir Hæstarétt. Þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er telst hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða lögtaksgerð staðfestist.

Stefndi, Haraldur Teitsson, greiði áfrýjanda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 26. nóvember 1954.

Ár 1954, föstudaginn 26. nóvember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur í húsinu nr. 8 við Laufásveg og haldinn af fulltrúa borgarfógeta, Ben. S. Bjarklind, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Beiðni tollstjórans í Reykjavík um að gera lögtak hjá Haraldi Teitssyni fyrir bifreiðarskatti af R 3767 1953, kr. 765.60, auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Til staðar er í réttinum beiðni um lögtakið ásamt tilheyrandi gjaldseðlum, þingm. nr. 1—2, en lögtaksúrskurður var kveðinn upp 10/5 1954 og birtur í dagblöðunum.

Nr. 1—2: Fylgja með í eftirriti.

Gerðarþoli er ekki mættur í réttinum, en af hans hálfu mætir að tilhlutan fógetasins Sigurlaug Guðjónsdóttir, og skoraði fógeti á

mætta að greiða umkrafin gjöld, en hún kveðst ekki greiða þau fyrir gerðarpöla. Skoraði fógæti þá á mætta að benda á eignir gerðarpöla til uppskriftar og lögtaks og brýndi fyrir mætta að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógætaréttinum.

Var þá bent á, skrifað upp og virt:

Bifreiðin R 3767 og var fallið frá virðingu, en hún stendur nú í reiðuleysi utanbæjar hjá Árbæ við Suðurlandsbraut.

Fógæti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í nefndri bifreið til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Brýndi fógæti fyrir mætta að tilkynna gerðarpöla lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögteknna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Priðjudaginn 29. marz 1955.

Nr. 42/1955. **Ísafoldarprentsmiðja h/f**
 gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun kröfuliða frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. febrúar 1955, er barst Hæstarétti 10. þ. m., hefur sóknaraðili kært dóm, sem upp var kveðinn 27. febrúar 1955 í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja, en með dómi þessum var tilteknum kröfuliðum í nefndu máli vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og honum dæmdur kærumálakostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálakostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Áfrýjandi neytti ekki heimildar 12. gr. laga nr. 29/1885 um að höfða mál í héraði um lögmæti lögtaksgerðarinnar inn-